



HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 136/218
komudagur 25.11.2008

Reykjavík, 24.11.2008

Tilv. 23.1

JS/sdk


**Málefni: Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 114. mál 136. löggjafarþing 2008-2009,
aukin heimild til flutnings aflamarks milli ára**

Vísað er í erindi sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis dagsett 13. nóvember 2008 varðandi ofangreint frumvarp um hækkun heimildar um færslu aflamarks milli ára úr 20% í 33% og heimild til veiða umfram aflamark í humri til samræmis við aðrar veiðar.

Varðandi rýmkun á flutningi aflamarks í botnfiski, úthafsækju, humri og síld er það líkleg aðgerð til að draga úr hvata til brottkasts eða umframafla og gæti verið réttlæt看leg í ört stækkandi stofni. Ekki verður þó séð að almennt sé þörf fyrir svo rúmri færsluheimild og ekki er útilokað að afleiðingarnar gætu orðið afdrifaríkar í vissum tilvikum, t.d. ef fyrri forsendur stofnmats hafa á einhvern hátt brugðist og/eða að stefnir í mikla minnkun í stofni af einhverjum ástæðum.

Varðandi heimild til veiða 5% umfram aflamarks í humri veitir það vissulega meiri sveigjanleika, enda dregst sá umframafli af aflamarki næsta árs.

F.h. Hafrannsóknastofnunarinnar,


Jóhann Sigurjónsson

Heimilisfang:

Skúlagötu 4
Pósthólf 1390
121 Reykjavík

Sími:

575-2000

Póstfax:

575-2001

Heimasíða:

www.hafro.is

Tölvupóstfang:

hafro@hafro.is